

Sp.

989. Nefndarálit

[91. mál]

um till. til þál. um fiskeldi og rannsóknir á klaki og eldi sjávar- og vatnadýra.

Frá minni hl. atvinnumálanefndar.

Með flutningi þessarar þáltill. er enn hreyft afar mikilvægu máli þar sem er eldi dýrra fisktegunda í sjó. Í þáltill. er hins vegar, að mati minni hl. nefndarinnar, blandað saman gjörólíkum hlutum með því að taka inn eldi í þorski, ufsa og slíkum tegundum. Að mati minni hl. er útilokað að eldi af því tagi geti borgað sig, og gerir hvergi hér á Vesturlöndum, nema um alveg einstaka og sérstaka afmarkaða smámarkaði sé að tefla.

Að mati minni hl. er nauðsynlegt að aðskilja þessa þætti og leggja fyrst og fremst áherslu á eldi dýrra tegunda í sjó eða söltu vatni með tilstyrk jarðvarma og notkun hvers kyns fódurs sem nærhendis er úr sjávarútvegi. Mikil reynsla er til í slíku eldi, ekki síst í Noregi.

Minni hl. leggur áherslu á að hér getur verið um stórkostlegan auðgefandi og öruggan atvinnuveg að ræða ef rétt er að staðið, en til þess þarf að leggja í þetta verkefni verulegar fjárhæðir. Þær skila sér margfaldlega til baka.

Minni hl. telur að:

1. flytja þurfi frv. að heildarlöggjöf í þessum efnum í stað þáltill.,
2. slíkt eldi verði undir sjávarútvegsráðuneyti,
3. að strax verði hafist handa því að hafi verið þörf á viðbót arðsamrar atvinnugreinar þá er það nú nauðsyn.

Minni hl. getur ekki stutt þingsályktunina óbreytta en metur mikils áhuga flm. og annarra þeirra sem hreyft hafa slíkum málum fyrr, en metur þó mest framtak þeirra, sem hafist hafa handa.

Meiri hl. nefndarinnar hefur lagt til að till. sé vísað til ríkisstjórnarinnar og vonast undirritaður til að hún gefi gaum þeim tillögugreinum sem fjalla um eldi á dýrum fisktegundum.

Alþingi, 17. maí 1984.

Garðar Sigurðsson.